



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Ásgeirs Ásgeirssonar  
1. janúar 1955

Góðir Íslendingar!

Við hjónin óskum yður öllum, hverjum fyrir sig og þjóðinni í heild gleðilegs nýárs og þökkum gamla árið. Okkur hefir verið það til mikillar ánægju að margir hafa heimsótt okkur hér á Bessastöðum á hinu liðna ári af öllum stéttum þjóðfélagsins. Þó vil ég sérstaklega þakka öllum þeim, sem komu, sendu mér skeyti, kvæði og gjafir á sextugsafmæli mínu, síðastliðið vor. Þar var meiri mannfjöldi en ég gat búist við eða get náð til. Oss er öllum svo farið, að fátt gleður meir en góður hugur og góðar óskir. Velvild og samúð styrkir og hressir. Maður er manns gaman. Hafið þér öll innilega þökk.

Á síðastliðnu ári höfum við einnig haft tækifæri til að ferðast meir og víðar en áður, og vil ég þá fyrst minnst á Norðurlandaförina. Hinn fyrsti forseti Íslands, Sveinn Björnsson, taldi það skyldu að opinber heimsókn væri gerð af hálfu hins nýstofnaða íslenska lýðveldis til Norðurlanda, þótt honum, sakir vanheilsu, auðnaðist ekki að koma því í framkvæmd. Ég var sömu skoðunar, og hafi nokkuð vantað á um fulla sannfæring um nauðsyn þessarar farar, þá var það horfið í ferðalok. Almennungi er kunnugt um þessa för, og veit að slíkar ferðir eru alþjóða þjóðavenja, og engum er nauðsynlegra en nýstofnuðu ríki, að bregða ekki þar af. Vér Íslendingar höfum skilið við Dani samkvæmt samningi og fellt niður hið sameiginlega konungdæmi. Ég tel því vel farið, að það bjargaðist fyrir tíu ára afmæli lýðveldisins, að þjóðirnar tókust í hendur, bróðurlega og af heilum hug. Sama er að segja um viðtökurnar í Svíþjóð og Finnlandi; vér Íslendingar getum fagnað þeim með stolti ungs manns, sem er nýorðinn myndugur. Aldrei hefir meira verið ritað í blöð um hið nýja Ísland og hið forna, atvinnulíf, bókmenntir og þjóðmenning, flest af nákvæmri þekking og alltaf mikilli velvild. Þjóðirnar tóku þátt í þessum fagnaðarfundi og börnin teiknuðu íslenska fána í skólunum og veifuðu þeim, glöð og brosandi. Það féll í hlut okkar hjónanna, að vera fulltrúar Íslands. En vissulega giltu móttökurnar ekki okkur persónulega. Þær voru ávarp og *kveðjur* til hinnar íslensku þjóðar og árnaðaróskir til hins unga lýðveldis. Þjóðirnar eru einstaklingar hver gagnvart annarri, og grasið má ekki gróa í götunni. Ungt og fámennt lýðveldi á að gera sér far um, að hnýta fastar vináttuböndin í allar áttir.

Þetta var skylduför, eins og ég sagði, en þar fyrir sannarlega ekki óljúf. Skylda og áhugi falla oft saman, og því oftar því betur. En ef ég á um að velja, þá ferðast ég nú orðið heldur innanlands en utan. Það ber margt til, sem of langt yrði upp að telja.

Meðal annarra á ég enn ófarið um nokkur héruð, þó víðast hafi ég komið einhverntíma. Það er og ákvörðun okkar, að heimsækja öll lögsagnarumdæmi á þessu kjörtímabili, sem er yfir að ráða, þó viðkomustaðir verði færri en skyldi. Í sumar sem leið gafst okkur tími til að fara um mestallan Norðlendinga- og Austfirðingafjórðung. Þessar ferðir voru okkur til óblandinnar ánægju. Og það er furða, hve mikið vinnst með stuttri viðdvöl og skjótri yfirferð, þegar hægt er að byggja á gömlum kynnum, víðast hvar. Náttúran, byggðin, fólk, atvinnulífið og afkoman blasir allstaðar við og heildarsvipurinn verður furðu skýr í endurminningunni. Ég nota þetta tækifæri til að flytja þessum héruðum og íbúum þeirra innilegar þakkir fyrir ógleymanlega daga.

Náttúra vors lands er býsna sérstæð, barnið og unglundurinn lítur á hana sem sjálfsagðan hlut eins og móður og föður, mat og drykk. En hún síast inn í sálina, og hugurinn kemur til að bera „síns heimalands mót“. En sá sem fer um önnur héruð og lönd eða eldist, honum opnast sýn, þegar hann kemur aftur á fornar slóðir. Ég hefi komið í þau lönd, þar sem mér finnst allt áþekkt, þó farið sé langar leiðir. Og hvaða erindi er það þá, að flytja sig úr stað? Máske hraðinn og hreyfingin, sem alltaf er nokkuð – og svo auðvitað að hitta nýtt fólk. En hér á Íslandi skiptir um svip á skammri leið og formin og litirnir taka á sig allar myndir og blæbrigði. Loftið er svo tært og svalt – einkum eftir stórrigningu. Og alltaf er gott að anda því að sér. Loftið er ein sú guðsgáfa, sem allir eiga jafnt og ekkert kostar, og því stundum lítils metið. En það hefi ég fundið við að koma frá heitu landi og röku um þrjú þúsund mílna veg á sautján tímum, að slagveðursrigning á íslenskum flugvelli, var hreinasti lífgjafi og guðsblessun. Þetta loftslag er heilnæmt fyrir alla menningu, hugsaði ég. Og þó er það ekki fulljóst fyrr en maður hefir reynt annað. Og svo er þetta loft svo blátært fyrir augað, og sólin og skýin, ljósið og skuggarnir gefa hinu stórbrotna landslagi ótrúlega tilbreyting. Skáldin og málaramir hafa fangað sumt, og verk þeirra veita oss mikla nautn í skammdegi innan fjögurra veggja. Þeir auka oss skilning, og gera þó ekki betur en skaparinn. Vér eigum ekki að bera listaverk saman við ljósmyndina, sem missir margs, og heldur við náttúruna, og þá verður flestra hlutur smár. Margra heiður vex að vísu af því, en sumra verður skömm að meiri.

Ég segi ekki meir um náttúru Íslands að þessu sinni og vísa til skálda og listamanna, en gott þótti mér í sumar að sjá aftur Herðubreið frá Möðrudal, inn yfir öræfi og suður á Vatnajökul, og Hallormsstaðaskóg inn á Snæfell yfir blómlega sveit. Þess naut ég með rentu frá unglingsárunum. Ég er þakklátur fyrir það, að ég komst þá langt og víða um landið í atvinnuleit, en í þá daga var það bara velstætt fólk hér í Reykjavík, sem á sumrum fór austur fyrir heiðar, og þótti gott fyrir almenning, að fá einn útreiðatúr upp í Mosfellssveit eða gangandi í berjamó upp í Öskjuhlíð. En guði sé lof, hve margt hefir breyst. Fyrir flestum var þá Hallormsstaðaskógur, Ásbyrgi, Gullfoss, Geysir og Hólakirkja bara til í kvæðum, að ég nú ekki nefni hinar breiðu byggðir og afdali, en nú þjóta bílar eftir öllum vegum, sem teygja sig svo víða, að það er næsta ótrúlegt, hvað þingmenn og þeirra starf er stundum vanmetið. Aldrei hafa fleiri Íslendingar séð meira af landi sínu en nú. Bændur og bóndakonur fara á milli héraða, að ég ekki nefni sumarferðir kaupstaðafólksins. Þetta er allt gott og hlýtur að tengja okkur fastar saman. Ég er bara hræddur um að bíllinn fari of hratt yfir. Bíllinn er farartækið, og útsýnið gott, en svo tilbreytilegt, að athyglin og umhugsunin þolir ekki heilan dag á hendingsferð. Það má sakna hestsins, gæðinganna og gamalla daga, og margt er rétt um það. En ég fyrir mitt leyti, sé ekki eftir gömlu Bleik og hnakkpútni. Það var ekki heldur í þá daga öllum veitt það besta. En nú held ég, að það þurfi frekar að hægja á sér, nota ekki öll hestöflin, heldur meir áfangana. Náttúra Íslands og allar hennar minningar heimta, að vér setjumst niður á hverjum

sólskinsbletti. En sólskinsblettirnir eru öll náttúruvegurðin, býlin, fólkið og fortíðin, sem rifjast upp.

En landið er ekki tómur gamlir sögustaðir. Sagan gerist enn í sveitum, þorpum og kaupstöðum. Vér sem nú lifum erum ættjörðin. Gætum þess í öllum deilum, að ættjörðin setur þeim takmörk. Forfeður vorir, hinir elstu, kunnu grein á drengilegri baráttu og berserksgangi, og þær hinar fornu reglur myndu hrökkva oss langt í öllu voru orðaskaki, ef vér héldum þær í heiðri. Á bakvið var einhver óljós tilfinning um það, að takmörk eru fyrir því, hve langt má ganga, án þess að þjóðfélaginu sé stefnt í hættu. Og þó ekki einungis þjóðfélaginu, heldur og einstaklingum og heimilum, sem eru undirstaða fjáls þjóðfélags. Í þessu efni höfum vér Íslendingar langa og merka erfðasögu, bæði að varðveita og koma til meiri þroska.

Það er margt sem vér þurfum að varðveita máske ekki síst vegna þess, hve miklar breytingar eru á orðnar. Margt er nú breytt við sjávarsíðuna, og einnig í sveitum. Ég gat þess, að ég sá Herðubreið aftur í sumar. Þá miklu fjallkonu, vantar sitt skáld. Hún er á við fossana og öll firmindi, sem skáldin hafa kveðið um. Þegar ég var í Möðrudal, kaupamaður, við gott atlæti og tólf krónur um vikuna, auk víðáttunnar, stóðsins og fjallasýnarinnar á hverjum björtum degi, þá var þar ein útlend rakstrarvél, sem við beittum hesti fyrir, - hið mesta þing. Ekki man ég að ég hafi séð aðra landbúnaðarvél, nema taðkvarnir, fyrr, eða um langt skeið síðan. Þá var vegalaust og bændur töluðu um vegabætur, svo hægt væri að flytja kol, svo ekki þyrfti lengur að brenna taðinu, heldur væri hægt að nota það til áburðar og nýræktar. Nú eru vegirnar komnir og margskonar nýjar vélar. Öll sú nýrækt, og allar þær nýju vélar til margra hluta, húsagerð og aðrar framkvæmdir eru bylting. Friðsamleg, sístarfandi bylting og landnám. Ég hef þar til samanburðar fjörutíu og fimm ár. Austfirðingar, til dæmis, fengu seint góðar samgöngur, og víða vantar rafmagn, en þetta eru hvorttveggja höfuðstoðir framtíðarinnar. Sveitir Íslands eiga mikla framtíð. Moldin er góð og mennirnir. En sárt sviður það, hvað bóndinn og konan eru viðbundin, og geta ekki tekið sér frístund frá mjöltum og gegningum. Það er haftið á okkar góða sveitafólki, hvað sem við má gera.

Ekki get ég séð, að veruleg barátta sé milli sjávar og sveita, nema um fólksald. Bæir eru markaður fyrir afurðir sveitanna og framleiðendur iðnaðarvarnings og útflytjendur sjávarafurða, báðum að gagni. En þó að landbúnaðurinn, sjávarútvegurinn og iðnaðurinn sé allt eðlileg verkaskipting frá gamla tímanum, sem hét og var sveit meðan engir kaupstaðir voru til, þá er að minnsta kosti eina skuld að gjalda fyrir alþjóð til allra, sem nú búa í sveitum. Þá skuld þekki ég vel, að eru fósturlaunin. Síðan um aldamót hefir öll fólksfjöldgunin lent í kauptúnum og kaupstöðum, og þó heldur fækkað í sveitum. Framleiðslan þar hefir þó aukist stórlega, og margir eru þeir enn, sem í sveitunum slíta barnsskónum. Og fleiri þó, sem eiga sveitunum að þakka gott uppeldi. Ég fór í haust til að sækja tvo drengi af fjalli – ég má kalla það svo, því kindur eru reknar á fjall og kaupstaðastrákar sendir í sveit. Annar pilturinn sagði við mig: „Hvaða vit er í þessu, að ég eigi að fara í skóla í Reykjavík, en gæti gert gagn hér í sveitinni?“ Ég hafði ekki búist við þessu, en þótt vænt um. Og það rifjaði upp fyrir mér eitt vort vandamál.

Vor þjóð er á millistigi. Gömul sveitaþjóð með nýjum kauptúnum og stórbæjum. Ungt og fullorðið fólk flytur í bæi. En börnin, sem komast aftur í sveit, fá þar sinn besta leik- og starfsvöll. Þar er heimilið heild, ekki bara til að borða og sofa, heldur um allt daglegt starf. Sú hin mikla verkaskipting nútímans er góð fyrir fullorðna og afkomu fjöldans. En hún er ekki eins góð fyrir uppeldið. Bæjarlífið getur verið gott, og þarf að vera það, nú þegar vex upp kynslóð, sem hvorki þekkir sveit eða

sjó, nema eitthvað sé að gert. Sú kynslóð er ný í okkar þjóðlífi, og mikilsvert að hún geti fest rætur með einhverju móti í gamla tímanum.

Ég er ekkert hræddur um ungu kynslóðina. Hún er ekki verri en unga fólkið var áður, og raunar hávaxnari og háleitari en sú eldri var. Hin unga kynslóð gerir alltaf nokkura uppreist gagnvart þeirri gömlu. Því segja öldungarnir, að heimur fari versnandi, - en samt miðar áfram, og þó best, ef vér getum varðveitt nokkuð af gömlum uppeldisvenjum. Sveitin og sjórinn veitir það besta uppeldi, við hliðina á skólagöngunni. Engin stofnun er einhlít. Ekkert getur komið í staðinn fyrir heimilið, og þá helst það heimili, sem veitir þroskandi starf við hliðina á leik. Leikur barnanna er eftirlíking á störfum hinna fullorðnu, og þarf að breytast yfir í raunhæft starf svo lítið beri á, þar til unglingsárin taka við og ábyrgðin. Því stærri sem bæirnir verða, því meir eru þeir hjálparþurfi um uppeldið. Það er líkast því, að uppvaðandi kynslóð þurfi að lifa alla þroskasögu mannkynsins áður en vélaöld fullorðinsáranna tekur við. Hér er mikið samstarf nauðsynlegt milli bæja og sveita, og skylt að gjalda sveitunum fyllstu þökk fyrir uppeldi og gestrisni. Það má vera að sveitafólki hafi stundum hin síðari ár, fundist að gildi sveitanna fyrir þjóðarbúið og þjóðmenning væri vanmetið. En slíkt þarf ekki að óttast, þegar til lengdar lætur, og stundarvelgengni villir ekki lengur sýn. Landbúnaðurinn stendur föstum fótum í álitu, sögu og framtíð þjóðarinnar.

En vér lifum á vélaöld með öllum þeim afleiðingum, sem því fylgir að hverfa frá frumbylíngshættinum. Og í flestum greinum getum vér fagnað þessari starfsbyltingu. Handaflið við orfið og árina, skóflan og hjólbörurnar hrukku skammt til að vinna Íslands náttúruauð. En með mótornum og rafmagninu breytist öll aðstaðan á ótrúlega skammri stund. Þá kemur í ljós, að Ísland er, með ströndum fram og langt á haf út, víðast jafngott hverju öðru landi, þegar rétt og vel er á haldið. Moldin er mjúk og frjósöm, þegar hún er komin í rækt, og grasið jafngott þeim ræktunarjurtum, sem meir láta yfir sér. Það var ekki ofmælt í upphafi, að þar drýpur smjör af hverju strái. Stórtækar vélar grafa nú skurði og slétta þúfurnar, og það stefnir ört að því marki, að ræktun komi í stað beitar. Slátturinn, sem var áður aðalsumarstarf allra karlmanna, er orðinn ígripaverk, og réttar aðferðir eru fundnar til að létta stórlega heyverkunina og tryggja hefynginn í óþurrkatíð. Afurðirnar hafa annað matarþörf landsmanna, og það stefnir óðum að auknum útflutningi.

Sömu sögu er að segja til sjávarsins. Landhelgin er stærri og nýtísku bátar og togarar ná víðar til fiskjar en áður var kleift. Ruslfiskurinn, steinbíturinn og trosið er orðið jafn verðmætt og málfiskurinn, og karfinn hefir bæst í hóp nytjafiska. Skreiðin skipar aftur sitt forna virðingarsæti og frystingin vinnur markaði, sem áður voru ekki til, allt frá Moskva til San Fransisco. Visast eru hvergi framleiddar fleiri máltíðir á dagsverkið, og markaðurinn þenst líka út við vaxandi frystitækni í öllum löndum, því nýmetið fellur öllum vel í smekk.

Ég má ekki ljúka svo við vélaöldina, að ég nefni ekki rafmagnið, ljós, orku og yl hinna bláhvítu fossa. Það eru okkar hvítu kol, og vafalaust hollari heimilum, iðnaði og þjóðmenning en hin svörtu voru sínum þjóðum. Rafmagnið hefir fært nýtt líf í útkulnaðan iðnað, lýsir skammdegið og rekur kuldabola á dyr. Það er vissulega ekki að ástæðulausu, að rafmagnsmálin eru nú einhver hin stærstu í öllum héruðum landsins, og engin byggð getur hugsað til þess, að vera afskipt til langframa. Þó er saga þess ekki löng. Fyrir fáum vikum héldum vér í Hafnarfirði, fimmtíu ára afmæli fyrstu rafstöðvarinnar á Íslandi. Ég segi það kinnroðalaust, að mér vöknáði um augu, þegar kveikt var ljósið með straum frá hinum fyrsta rafal þessa lands, sem enn er við lýði og nothæfur. Baráttan við óblíða náttúru er orðin löng, en nú sigrum við hana með náttúruöflunum sjálfum. En er það ekki svo um alla framför, að því betri skilning

sem vér öðlumst á lögum náttúrunnar, því fastari tökum náum vér í lífsins baráttu. Öll vor tæki eiga sér einhversstaðar fyrirmynd í sjálfu sköpunarverkinu. Það eru breyttir tímar og í flestu til batnaðar. Ég óska þess, að vér ættum nokkurskonar skinnsokka, sem hefðu þá náttúru, að vér gætum stigið fimmtíu ár aftur í tímann í hverju spori. Þá hefðum við nóg til samanburðar og það er oss áskapað, að meta allt við samanburð, og hættir til að meta það síður en skyldi, sem áunnist hefir.

En nóg er við að berjast, og mun það lífsins lögmál. Eitt er þó sem minnst hefir breyst, en það er sjálf veðráttan. Að vísu hlýnar nokkuð og kólnar á tímabilum, en óstöðugleikinn er sá sami. Það er stundum sagt, að vér Íslendingar séum óstundvísir, en verri eru árstíðirnar í þessu efni, og munar oft vetri fram til vorsins og sumarsins. Einnig er mikill áramunur og ófyrirsjáanlegur. Af því stafaði áður hallæri, skepnudauði og mannfellir. En þess megum vér minnast fyrir fáum árum. Þegar rigndi og blés á norðaustan allt sumarið og snjóaði heilan vetur á Norðausturlandi, að þó féllu hvorki menn eða skepnur þó skuldir hleddust að vísu á framtíðina. Það var að þakka bættum samgöngum, samtökum og hugarfari. Ég nefni þetta eina dæmi, en mikil breyting og bót er á orðin, ef óþurrkar, vetrarfrost, ísinn og eldurinn, getur ekki lengur ráðið niðurlögum þeirra, sem eiga þröngt í búi eða jafnvel heilla héraða. Og ég hygg, að þessu marki sé nú náð. Því veldur samhugur fólksins og samgöngutækinn. En hversu mikið sem vér tölum um veðrið, þá mun óstöðugleikinn haldast, og vér skulum gæta þess, að hann fái ekki tök á hug og hjarta. Umhleyplingarnir og rosinn eiga skylt við hverflyndi og illindi, en trú á landið og traust á þjóðinni er oss lífsskilyrði, og þá fer heldur ekki hjá því, að augun opnast fyrir forsjá Guðs. Íslendingar hafa sýnt atorku, og geta glaðst við góðan árangur. En sú tilfinning grípur alla einhverntímann, að vart verði við ráðið fyrir eigin mátt og megin. Vér þráum að finna, að vér séum í samstarfi við hin dýpstu rök og sterkustu öfl tilverunnar.

Ég hefi hér fyrir framan mig á borðinu mynd eftir Einar Jónsson. Blessaður veri hann fyrir þann arf, sem hann eftirlét þjóð sinni. Hann kallaði myndina Öldu aldanna. Aldan rís hátt – í hvirfil og endar í fagurri konumynd. Í sjónum í kring syndir mannfjöldinn með föstum tökum, þeir berast inn í hvirfilinn, og margir hafa með sterkum átökum og afli öldunnar borist hátt upp eftir, en aðeins einn náð því að hvíla við brjóst gyðjunnar. Það er glögg, að listamaðurinn vill að oss skiljist, að sú mynd er af Kristi. Mér finnst vænt um þessa stytta, sem sýnir vora eigin baráttu og þá hjálp, sem berst oss, og verður því öflugri sem ofar dregur.

Með þeim orðum vil ég ljúka máli mínu, og óska yður aftur og allri þjóðinni árs og friðar.